

Ed.

423. Nefndarálit

[168. mál]

Samkvæmt lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Samkvæmt lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, ber að leggja fram úr ríkissjóði árlega 9.5 millj. kr. til að standa straum af kostnaði við að undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðarhverfi í sveitum, nýbýli einstaklinga utan byggðarhverfa eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kaптún og kaupstaði. Enn fremur skal samkvæmt þessum lögum leggja fram árlega 2.4 millj. kr. til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum.

Með lögum nr. 5/1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, var ákveðið, að á árunum 1968 og 1969 skyldi heimilt að lækka um 7.5 millj. kr. hvort ár framlög þau, er hér um ræðir. Ríkisstjórnin hefur notað þessa heimild.

Í frv. þessu felst heimild til að lækka á árunum 1970 og 1971 framlög til Landnáms ríkisins á sama hátt og gert hefur verið undanfarin ár.

Kostnaður við hvert nýbýli, sem stofnsett er, hefur vaxið stórkostlega á undanförunum árum. Landnám ríkisins þarf og að auka fjárhagslegan stuðning við aðrar framkvæmdir, einkum félagsræktun í sveitum.

Minni hl. nefndarinnar getur því ekki fallizt á að skerða fjárframlög til Landnáms ríkisins svo sem frv. kveður á um og leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 12. marz 1970.

Ásgeir Bjarnason,
frsm.

Páll Þorsteinsson.

Karl Guðjónsson.